

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2015, fimmtudagurinn 26. febrúar var haldin 114. fundur Hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:10. Viðstödd voru Svafar Helgason sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, Júlíus Vífill Ingvarsson og Elsa Hrafnhildur Yeoman, Áheyrnarfulltrúar voru Herdís Jóhannsdóttir fulltrúi Framsóknar og flugvallavina og Sverrir Þórarinn Sverrisson formaður Íbúasamtaka. Þá sátu fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíðar og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir undir lið 1 voru Sóley Tómasdóttir og Vígðís Sigfúsdóttir, bílastæðanefnd Reykjavíkur. Gestur undir lið 2 og 3 var Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn hverfisráðs um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík dags.6.02.2015
Kynntar voru breytingar á nýjum reglum bílastæðanefndar. Nefndin bauðst til að koma aftur á fund hverfisráðs til að ræða málið frekar.
 - Kl. 17.20 tekur Áslaug María Friðriksdóttir sæti á fundinum
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. ? um tillögur til breytinga á deiliskipulagi við Grettisgötu 9A og 9B vegna umræðu um bílastæðamál frá seinasta fundi. Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri kynnti tillögurnar.
 - Kl. 18:50 víkur Júlíus Vífill Ingvarsson af fundi
 - Lagt er til að hverfiráðið samþykki svohljóðandi umsögn vegna Grettisgötu 9a og 9b:

Í ljósi þess þess að ekki liggja fyrir gögn um aukningu bílastæða sem koma í stað þeirra sem eiga að hverfa og með tilliti til þess að íbúakort sen gagnast í almenn bílastæði gagnist ekki í nærliggjandi bílastæðahúsum lýsir hverfisráð Miðborgar yfir áhyggjum varðandi flutning húsa á reit Grettisgötu 9a og 9b sem notað er undir bílastæði að svo stöddu þrátt fyrir að vera jákvæð breyting á götumynd.
3. Kynntar voru verðlaunatillögur í samkeppni um Laugaveg og um Óðinstorg dags ?. Ólafur Bjarnason kynnr tillögurnar.
4. Íbúasamtökum Miðborgar hvetja borgaryfirvöld til að lokið verði við endurnýjun Frakkastígs niður á Laugaveg og svæðið á móti Frakkastígs, Njálsgötu og Kárastígs verði sett í hönnunarferli með sama hætti og Óðinstorg.
5. Lögð fram svohljóðandi tillaga að bókun hverfisráðsins:

Hverfisráð Miðborgar óskar eftir því að fulltrúar frá umhverfis og skipulagssviði komi og haldi erindi á opnum fundi ráðsins. Óskað er eftir erindi á komandi uppbyggingu á Kvosarsvæðinu, nánar tiltekið þessi svæði: Hafnarsvæðið milli Hörpu og Geirsgötu, breyting á Geirsgötu og möguleika á bílakjallara undir henni, reitur milli Geirsgötu, Tryggvagötu og Tollhússins, reit milli Hafnarstrætis, Pósthússtrætis og Tryggvagötu, hús við horn Tryggvagötu og Geirsgötu, Landsímareiturinn og tónleikasalurinn oft kenndur við Nasa. Reiturinn sem Íslandsbanki/Glitnir situr nú. Stefnt er á að halda fund þennan eftir um það bil 4 vikur.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson
Áslaug María Friðriksdóttir

Elsa Hrafnhildur Yeoman